

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir
Gjafa- og styrktarsjóð Jónínu S. Gísladóttur nr. 557/2000.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal samanstanda af fimm einstaklingum sem skipaðir skulu á aðalfundi til eins árs í senn í samræmi við tilmæli í þessu ákvæði. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarmenn skulu skipaðir sem hér segir. Synir Jónínu S. Gísladóttur þeir Sigurður Gísli og Jón Pálmasonir, eða þeirra niðjar, skulu tilnefna tvo stjórnarmenn. Forstjóri Landspítala – háskóla-sjúkrahúss skal sitja í stjórninni eða tilnefna annan í sinn stað. Framkvæmdastjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss skal tilnefna sérfræðing í hjartalækningum til stjórnarsetu. Loks skal KPMG ehf. tilnefna löggiltan endurskoðanda til stjórnarsetu.

8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Fé sjóðsins skal vera í vörslu og á ábyrgð stjórnarinnar. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gengið skal frá reikningi félagsins innan sex mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Reikningurinn skal vera kannaður af skoðunarmanni sjóðsins. Eigi síðar en 30. júní skal stjórn sjóðsins senda Ríkis-endurskoðun ársreikning sjóðsins fyrir næstliðið reikningsár.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir, Gjafa- og styrktarsjóð Jónínu S. Gísladóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 1. febrúar 2019,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.